

Selfoss 11. janúar 2021

Efni: Ósk um niðurfellingu á fasteignagjöldum fyrir húsnæði Nytjamarkaðar Hvítasunnukirkjunnar á Selfossi.

Hvítasunnukirkjan á Selfossi hefur síðan í desember 2008 rekið Nytjamarkaðinn á Selfossi í góðgerðarskyni. Markaðurinn hefur verið afar vinsæll hjá íbúum sveitarfélagsins og gert Hvítasunnukirkjunni kleift að gefa tugi milljóna í góðgerðarstarf. Nytjamarkaðurinn hefur haft jákvæð áhrif á umhverfismál í sveitarfélaginu þar sem fólk getur gefið hluti áfram frekar en að þurfa að henda þeim. Á markaðnum eru launaðir starfsmenn að hluta en einnig koma þar að fjölmargir sjálfboðaliðar. Einnig hefur verið samstarf við félagsmálayfirvöld varðandi sértæk atvinnuúrræði fyrir þá sem þurfa aðlögun inn á atvinnumarkaðinn sem og fangelsismálayfirvöld varðandi samfélagsþjónustu.

Nytjamarkaðurinn mun fljótlega missa leiguhúsnæði sitt við Eyraveg 5 þar sem til stendur að rífa húsnæðið en sú aðgerð er hluti af uppbyggingu miðbæjarins. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem leita hefur þurft að nýju húsnæði. Starfsemin er nú í sínu 4. húsnæði frá stofnun. Mikil uppbygging síðustu ára á Selfossi hefur leitt til þess að afar lítið framboð er af hentugu leiguhúsnæði, ekki síst hvað varðar stærð og staðsetningu. Nýlega sótti kirkjan um lóð til Árborgar fyrir sameiginlega starfsemi markaðarins og kirkjunnar. Við erum þakklát fyrir að vel var tekið í erindið en því miður virðist fátt um hentugar lóðir í eigu sveitarfélagsins um þessar mundir. Í ljósi þessa og til að koma í veg fyrir að leggja þyrfti niður starfsemi markaðarins ákvað Hvítasunnukirkjan að kaupa iðnaðarhúsnæði sem stendur við Gagnheiði 32 (Fasteignanúmer F2235253) og Eyraveg 65 (Fasteignanúmer F2186132 og F2186133) undir starfsemi markaðarins. Til að byrja með er það Gagnheiðarhlutinn sem nýttur verður fyrir starfsemi markaðarins. Þetta er eins og gefur að skilja talsverð fjárfesting sem fjármögnuð er m.a. með láni frá Landsbankanum. Við þetta mun rekstrarkostnaður starfseminnar hækka töluvert en á sama tíma teljum við þetta mikilvæga ráðstöfun til þess að hægt sé að tryggja framtíð markaðarins.

Í ljósi þess sem sagt er hér að ofan og til að tryggja betur rekstrargrundvöll Nytjamarkaðarins óskar Hvítasunnukirkjan eftir því að Sveitarfélagið Árborg felli niður fasteignagjöld af hinu keypta húsnæði. Þess má geta að sveitarfélög hafa samkvæmt lögum heimild til að fella niður fasteignagjöld fyrir kirkju starfsemi, sjá ákvæði í 5 gr. laga um kirkjusjóð.

Virðingarfyllt, fyrir hönd Hvítasunnukirkjunnar á Selfossi:



Aron Hinriksson
Framkvæmdastjóri Hvítasunnukirkjunnar á Íslandi